


✉ Re: FS: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

Búið til	5.11.2020 15:34:43
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	5.11.2020 15:34:42
Tilheyrir	 202011-0006 - Flekkudalur, deiliskipulag

Efni

Re: FS: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	5.11.2020 15:34:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 20201-0006 (RT, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kjósarhrepps, dag. 3. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir fimm frístundalóðir á frístundasvæði F4b í landi Flekkudals í Kjósarhreppi, alls um 4 ha lands.

INNGANGUR

Framangreindar lóðir standa við Vatnsbakkaveg og í greinagerð deiliskipulagsins kemur fram að hann verði lengdur til norðvesturs. Af loftmyndum að dæma virðist það þegar hafa verið gert (Loftmyndir ehf 2019). Samkvæmt upplýsingum var deiliskipulagstillagan kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember 2019, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu. Athugasemdarfrestur rann út 31. desember 2019. Með umsagnarbeiðninni fylgdi uppdráttur ásamt greinagerð sem dagsett veru 03.09 2019 sem unnin voru af Verkfræðistofunni Eflu.(Efla hf 2019)

Vegna mistaka láðist að senda auglýst deiliskipulag til Náttúrufræðistofnunar sem er lögbundin umsagnaraðili þar sem umrætt svæði er inn á svæði nr. 134 á náttúruminjaskrá auk þess sem innan þess er yfir 2 ha samfelld votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR

Ekki var farið á vettvang á vegum Náttúrufræðistofnunar vegna umsagnar um svæðið en út frá fyrirbyggjandi gögnum vill stofnunin koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri.

- Í greinagerð Verkfræðistofunnar Eflu er vistgerðum á svæðinu gerð skil eins og þær eru sýndar á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (2018) sem er í mælikvarða 1: 25.000. Gerð er grein fyrir verndargildi vistgerða og hvort þær séu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast vernda (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Auk þess kemur fram að innan svæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Varðandi umfjöllun um vistgerðir má benda á að verndargildi starungsmýravistar, runnamýravistar á láglandi og laukavatna (Meðalfellsvatn) en þær hafa einnig verið skilgreindar sem forgangsvistgerðir í tengslum við svæðaval á B-hluta náttúruminjaskrár (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl 2019). Bæta má við að innan svæðisins er einnig lyngmóavist á láglandi en hún er metin með miðlungi hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins.

- Í greiningerðinni kemur fram að Meðalfellsvatn sé á náttúruminjaskrá, auk þess sem vatnið ásamt 50 m belti í kringum það er undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi Kjósarhrepps (sjá nánar Gísli Gíslason o.fl. 2018b). Hafa ber þó í huga að allt vatnsvið Laxár og nánasta umhverfi er á náttúruminjaskrá eins og kemur fram hér að ofan þ.m.t. umrætt svæði undir frístundabyggð. Á þessu mætti skerpa í greiningerðinni um deiliskipulagið.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við að fyrirhuguð frístundabyggð með tilheyrandi raski sé skipulögð á nær samfelld óröskuðu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Á þetta einkum við framkvæmdir vestast á svæðinu við Vatnsbakkaveg 11, 12 og 13 þar sem að svæðið virðist mun votlendara en þar sem ráðgert er að hús við Vatnsbakkaveg nr. 10 og nr. 9 verði. Þessu tengt má einnig vera ljóst að miðað við uppdrátt af deiliskipulagi munu frístundahús ná fast upp að 50 m belti kringum Meðalfellsvatn sem ásamt vatninu er hverfisverndað. Miklar líkur eru á að svæðið verði fyrir raski a.m.k. á framkvæmdatíma og þannig fari Kjósarhreppur gegn eigin stefnu í aðalskipulagi sveitafélagsins en þar segir m.a.:

„Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu að hluta til

...Á hverfisverndarsvæðum er óheimilt að ræsa fram votlendi“

(Gísli Gíslason o.fl. 2018a, bls. 16).

Hvort sem um eiginlega framræslu verður að ræða vegna fyrirhugaðra húsbygginga eða ekki þá telur Náttúrufræðistofnun það óhjákvæmilegt annað en að framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á votlendið verði byggt á umræddu svæði og þá sér í lagi við Vatnsbakkaveg 11-13. Þá eru ótalin áhrif vegna mögulegrar trjáræktar/skjólbeltis sem gjarnan fylgja íbúum í frístundabyggð. Í þessu sambandi mætti einnig benda á 62. gr. náttúruverndarlaga um vernd bakkagróðurs en þar bera að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið Kjósarhrepp til þess að fara eftir þeirri skýru umhverfisverndarstefnu sem það hefur markað sér og sett er fram í greinagerð með aðalskipulagi sveitarfélagsins 2017-2029 (Gísli Gíslason o.fl. 2018b). Leitað verði leiða, t.d. með tilfærslu á byggingarritum, til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi á umræddu svæði og gerð verði grein fyrir mótvægisáðgerðum í deiliskipulagi.

HEIMILDIR:

Efla hf 2019. *Flekkudalur í Kjósarhreppi. Deiliskipulag frístundarlóða*. Uppdrættir og greinagerð.

Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ásgeir Jónsson og Guðrún Lára Sveinsdóttir 2018a. *Kjósarhreppur. Aðalskipulag 2017-2029. Forsendur og umhverfisskýrsla*. Efla hf og Steinholt ehf. 1. mars 2018, breytt sept. 2018. https://www.kjos.is/static/files/Nefndir/Bygg_skipul/loka-eintak_forsendur_umhverfsk_kjos_des-2018.pdf (https://www.kjos.is/static/files/Nefndir/Bygg_skipul/loka-eintak_forsendur_umhverfsk_kjos_des-2018.pdf). [skoðað 4.11. 2020]

Gísli Gíslason, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Guðrún Lára Sveinsdóttir 2018b. *Kjósarhreppur. Aðalskipulag 2017-2029. Greinagerð*. Efla hf og Steinholt ehf. 1. mars 2018, breytt des. 2018. https://www.kjos.is/static/files/Nefndir/Bygg_skipul/loka-eintak_greinagerd_temakort_stadfest_des-2018.pdf (https://www.kjos.is/static/files/Nefndir/Bygg_skipul/loka-eintak_greinagerd_temakort_stadfest_des-2018.pdf). [skoðað 4.11. 2020]

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) [skoðað 4.11. 2020]

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html> (<https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html>) [skoðað 4.11.2020]

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. 2. útgáfa. Mælikvarði 1:25.000. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. <http://vistgerdakort.ni.is/> (<http://vistgerdakort.ni.is/>) [skoðað 4.11.2020]

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson. *Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar*. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>) [skoðað 4.11.2020]

Umhverfisstofnun. *Náttúruminjaskrá Suðvesturland*.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/> (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>) [skoðað 4.11. 2020]

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Frá: Sigurður H. Ólafsson <sigurdur@kjos.is>

Sent: þriðjudagur, 3. nóvember 2020 09:44

Til: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Efni: RE: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

Góðan dag.

Meðfylgjandi deiliskipulagstillaga er hér með send til umsagnar, í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan var kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember 2019, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu. Athugasemdarfrestur rann út 31. desember 2019.

Einhverra hluta vegna var þessi tölvupóstur aldrei sendur ykkur þegar skipulagið var sent í auglýsingu, heldur sat fastur í "drafts".

Væri þakklátur ef hægt væri að hraða umsögninni eins og kostur er.

Meðfylgjandi er deiliskipulagstillagan eins og hún var auglýst og einnig eftir breytingu (í samræmi við umsagnir).

Kv,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

From: Flekkudalur <flekkudalur@gmail.com (mailto:flekkudalur@gmail.com)>

Sent: miðvikudagur, 28. október 2020 18:29

To: Skipulag <skipulag@kjos.is (mailto:skipulag@kjos.is)>

Subject: Fwd: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

----- Forwarded message -----

From: **Trausti Baldursson - NI** <Trausti.Baldursson@ni.is (mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>

Date: Wed, 28 Oct 2020, 15:38

Subject: Re: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

To: flekkudalur@gmail.com (mailto:flekkudalur@gmail.com) <flekkudalur@gmail.com (mailto:flekkudalur@gmail.com)>

Sæll Sigurður (hringdir þú um daginn?), nú fylgir ekki sjálfst deiliskipulagið með erindinu frá þér. Ég skoðaði aðeins á netinu um hvað þetta erindi fjallar og sé þá hvaða svæði þetta er og að það er á náttúruminjaskrá og fellur því undir náttúruverndarsvæði skv. lögum náttúruvernd. Í 2. mgr. 68. gr. laga um náttúruvernd segir: .. **Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. [61. gr.]¹⁾ og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.** Ní er því lögbundinn umsagnaraðili um deiliskipulagið og hefði sveitarfélagið átt að senda Ní það til umsagnar.. Í umsögn stofnunarinnar mundi þá koma fram afstaða hennar til skipulagsins. Þar sem Ní er lögbundinn umsagnaraðili þá er ekki rétt að við séum að taka að okkur það verkefni sem þú biður um. Það er því eðlilegast að sveitarfélagi óski formlega eftir umsögn Ní um deiliskipulagið.

Ef eitthvað er ósljóst þá hefur þú samband.

kv.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)

From: "Flekkudalur" <flekkudalur@gmail.com (mailto:flekkudalur@gmail.com)>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is (mailto:Mottaka@ni.is)>

CC:

Subject: Fwd: Vegna Flekkudalur, deiliskipulag.

Date: 27.10.2020 13:52:44

Í viðhengi er bréf Umhverfisstofnunar er varðar deiliskipulag vegna fimm frístundalóða á frístundasvæðinu F4b í landi Flekkudals, sem er um 4ha að stærð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögunni hvernig verkefnið samræmist gildandi aðalskipulagi að því er varðar náttúruvernd, votlendi og vistgerðir. Er mögulegt að fá skýrslu frá Náttúrufræðistofnun að því er þetta varðar. Bréf Umhverfisstofnunar fylgir í viðhengi.

Virðingarfyllt,

V/Flekkudals ehf. og Guðnýjar G. Ívarsdóttur

Sigurður Guðmundsson

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)